

Yfirlýsing um að ekki sé heimilt að nota lífsýni úr þjónusturannsóknum til vísindarannsókna eða vista í lífsýnasafni í því skyni

Hinn 1. janúar 2001 gengu í gildi lög nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Markmið laganna er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna (t.d. blóðsýna, þvagsýna eða vefjasýna) úr mönnum í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi.

Einstaklingur getur hvenær sem er lagt bann við því að lífsýni úr honum, sem tekin eru við þjónusturannsókn, verði notuð til vísindarannsókna eða vistuð í lífsýnasafni í því skyni. Þetta eyðublað er til þess ætlað. Með þjónusturannsókn er átt við rannsókn lífsýnis, sem tekið er vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling.

Undirrituð/undirritaður lýsir yfir eftirfarandi:

Lífsýni sem þegar hafa verið tekin eða kunna að verða tekin vegna þjónusturannsókna skulu ekki notuð í vísindarannsóknum eða vistuð í lífsýnasafni í því skyni.

Bannið tekur til (merkið við það sem við á):

Allra lífsýna

Tiltekinn lífsýna (tilgreinið þá hér á eftir til hvaða lífsýna, lífsýnasafna eða rannsókna bannið tekur)

Úrsagnaraðili (vinsamlega notið prentstafi):

Nafn:
Kennitala:
Lögheimili:
Póstnúmer og staður:

Vegna lífsýnis barns eða ólögráða einstaklings:

Nafn lögráðamanns
Kennitala lögráðamanns:
Lögheimili:
Póstnúmer og staður:

Staður og dagsetning

Undirskrift

(Ef um ólögráða barn eða einstakling er að ræða verður foreldri eða lögráðamaður að undirrita þetta skjal).